



TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

Alþingi

Erindi nr. P 128/583

komudagur 9.12.2002

Tilkynning til dvalarheimila.

Reykjavík, 21. nóvember 2002

Efni: Breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999

Tryggingastofnun ríkisins vill vekja athygli á því að um næstu áramót koma til framkvæmda breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra.

Í meginatriðum eru breytingarnar tvenns konar. Annars vegar er um að ræða nýjan bótaflokk sem kemur í stað dvalarheimilisuppbótar og nefnist hann vistunarframlag. Hins vegar verður tekið upp nýtt fyrirkomulag bótagreiðslna sem felst í áætlun tekna og uppgjöri bóta til vistmanna.

Vistunarframlag

Vistunarframlag er ætlað að mæta að hluta dvalarkostnaði á stofnun og greiðist beint til viðkomandi dvalarheimilis. Það fyrirkomulag að vistnaður sé réthafi greiðslna og veiti dvalarheimili umboð til að taka við þeim er því aflagt. Ekki er um efnislegar breytingar að ræða, útreikningur vistunarframlags fer fram með sama hætti og dvalarheimilisuppbótar nú.

Endurreikningur og uppgjör

Vistunarframlag ársins 2003 verður reiknað til bráðabirgða út frá upplýsingum um tekjur af síðasta skattframtali vistmanns eða tekjufirlýsingu, hafi hún verið gerð. Hið nýja fyrirkomulag felur það í sér að í ágúst 2004 fer fram uppgjör á greiðslum ársins 2003. Í því uppgjöri verður greiðsluréttur ársins reiknaður út miðað við raunverulegar tekjur eins og þær koma fram á skattframtali 2004. Komi í ljós að vistunarframlag hafi verið of- eða vangreitt verður það gert upp við viðkomandi stofnun.

Greiðsluþegum, þar með töldum vistmönnum á dvalarheimilum, hafa verið kynntar þessar breytingar jafnframt því sem óskað hefur verið eftir því að þeir tilkynni Tryggingastofnun um verulegar tekjubreytingar. Sýnishorn þessara kynningarbréfa eru hjálögð.

Vakin er athygli á því að kveðið er á um ofangreindar breytingar í lögum nr. 74/2002 og eru forstöðumenn dvalarheimila hvattir til að kynna sér efni þeirra. Einnig má leita upplýsinga á heimasíðu okkar, www.tr.is.

Með kveðju,
starfsfólk lífeynistryggingarviðs
Tryggingastofnunar ríkisins